RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Reynir Stefán Gylfason
Kt. 2009734109
Dags. 9.4.2025 09:37:44
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Þorkell Magnússon
Kt. 0305743119
Dags. 9.4.2025 09:38:10
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Ellen María S. Bergsveinsdóttir
Kt. 0801842639
Dags. 9.4.2025 09:38:37
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Birgir Örn Arnarson
Kt. 0103715549
Dags. 9.4.2025 09:39:09
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Arnór Gunnarsson
Kt. 1507783369
Dags. 9.4.2025 10:44:28
Ástæða: Undirritun

# SIV Credit Fund slhf.

## Ársreikningur 2024

SIV Credit Fund slhf.
Ármúla 3
108 Reykjavík
kt. 691123-1700

# Efnisyfirlit


Bls.

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra ..... 3

Áritun óháðs endurskoðanda ..... 4

Rekstrarreikningur ..... 6

Efnahagsreikningur ..... 7

Sjóðstreymisyfirlit ..... 8

Skýringar ..... 9

# Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

SIV Credit Fund slhf., kt. 691123-1700, er samlagshlutafélag sem var stofnað í október á árinu 2023 og starfar sem sérhæfður sjóður skv. lögum nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfða sjóða. Félagið er ekki sjálfstæður skattaðili.

Tilgangur félagsins er fjárfestingarstarfssemi í samræmi við fjárfestingarstefnu félagsins en það felur m.a. fjárfestingar í skuldabréfum og lánum til fyrirtækja. Sjóðurinn er með lögheimili á Íslandi og skal eingöngu markaðssettur á Íslandi til fagfjárfesta. Sjóðurinn gefur út hlutafé og skuldabréf í samræmi við samþykktir og áskriftarskilmála til þess að fjármagna fjárfestingar sínar.

Ábyrgðaraðili sjóðsins, sbr. 2. mgr. 160. gr. hfl., er SCF GP ehf., kt. 601023-0830, Ármúla 3, 108 Reykjavík („ábyrgðaraðilinn“). Samkvæmt samþykktum sjóðsins gegnir ábyrgðaraðilinn hlutverki stjórnar sjóðsins. Heimilt er að skipta um ábyrgðaraðila í tengslum við breytingu á rekstraraðila sjóðsins, sbr. gr. 4.4 í samþykktum sjóðsins. Rekstraraðili sjóðsins skv. samnngi er SIV eignastýring hf.

Hagnaður varð á rekstri sjóðsins á árinu 2024 að fjárhæð 160,8 m.kr. Eigið fé sjóðsins í árslok 2024 nam 2.241 m.kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Allt hlutafé sjóðsins er nú innkallað og hófst úgáfa skuldabréfa á árinu. Heildarhlutafé sjóðsins samkvæmt samþykktum sjóðsins nam í árslok 2.092 m.kr.

Skráð hlutafé sjóðsins nam í árslok 2.092 m.kr. og voru hluthafar 19 í árslok 2024.

| | **2024** |
|---|---|
| Birta lífeyrissjóður | 19,98% |
| Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins A deild | 19,98% |
| Gildi - lífeyrissjóður | 19,98% |
| Frjálsi lífeyrissjóðurinn | 9,56% |
| Festa lífeyrissjóður | 7,17% |
| Aðrir hluthafar (minna en 5%) | 23,33% |
| Samtals: | 100,00% |

Enginn starfsmaður starfaði hjá félaginu en daglegur rekstur er í höndum SIV eignastýringar hf.

Horfur í starfsumhverfi

Horfur er ágætar í umhverfi félagsins en undanfarin misseri hefur verðbólga lækkað og Seðlabanki Íslands hafið vaxtalækkunarferli sitt. Útlit er fyrir að verðbólga muni hjaðna áfram og eru líkur á lækkun vaxta en allt eftir þeirri þróun. Fasteignaverð hefur haldist stöðugt þó hægt hafi á hækkunum en fjárfestingar sjóðsins eru allar tryggðar með fasteignum. Þá eru langstærstur lána í eigu sjóðsins verðtryggður en raunvextir hafa haldist nokkuð háir undanfarin misseri og er útlit fyrir að þeir munu haldast háir fram á síðari hluta ársins. Þá er staða félagsins sterk horft fram á veginn en tryggingar eru á bak við allar fjárfesingar í eigu þess.

Stjórn og framkvæmdastjóri SIV Credit Fund slhf. hafa í dag rætt ársreikning sjóðsins fyrir árið 2024 og staðfest hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 9. apríl 2025

Stjórn:
F.h. SIV Credit Fund slhf.
Arnór Gunnarsson

Birgir Örn Arnarson

Ellen María Bergsveinsdóttir

Framkvæmdastjóri

Þorkell Magnússon

# Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa SIV Credit Fund slhf.

## Áritun um endurskoðun ársreikningsins

### Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning SIV Credit Fund slhf. („sjóðurinn“) fyrir árið 2024. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu sjóðsins 31. desember 2024 og afkomu hans og breytingu á handbæru fé á árinu 2024, í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga.

### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð sjóðnum í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

### Samanburðarfjárhæðir

Við vekjum athygli á að við höfum ekki endurskoðað efnahagsreikning 31. desember 2023, rekstrarreikning og sjóðstreymi fyrir árið 2023 og skýringar sem varða framangreint. Þar af leiðandi gefum við ekki álit á þeim.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

# Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

**Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins, frh.:**
Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.

- Öflum við skilnings á innra eftirliti sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.

- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.

- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal alla verulega annmarka á innra eftirliti sem við greinum við endurskoðun okkar.

## Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Reykjavík, 9. apríl 2025

***KPMG ehf.***

# Rekstrarreikningur ársins 2024

| | Skýr. | 2024 | Óendurskoðað 2023 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | |
| Vaxtatekjur og þóknanir | | 351.268.719 | 376.950 |
| Gangvirðisbreyting hlutdeildarskírteina | | 52.623.822 | 0 |
| **Rekstrartekjur samtals** | | 403.892.541 | 376.950 |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Umsýslu- og vörsluþóknun | 3 | ( 56.593.036) | ( 10.460.000) |
| Annar rekstrarkostnaður | | ( 5.590.081) | ( 1.725.788) |
| Vaxtagjöld | | ( 180.930.893) | 0 |
| | | ( 243.114.010) | ( 12.185.788) |
| Hagnaður (tap) ársins | 6 | 160.778.531 | ( 11.808.838) |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2024

| | Skýr. | 2024 | Óendurskoðað 2023 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| Lánveitingar | 4 | 8.167.327.570 | 0 |
| Fjárfestingar í lausafjársjóðum | | 136.983.817 | 0 |
| Handbært fé | | 34.030.772 | 50.376.950 |
| **Eignir samtals** | | 8.338.342.159 | 50.376.950 |
| **Eigið fé** | | | |
| Hlutafé | | 2.092.000.000 | 50.000.000 |
| Lögbundinn varasjóður | | 16.077.853 | 0 |
| Óráðstafað eigið fé | | 132.891.840 | ( 11.808.838) |
| Eigið fé | 7 | 2.240.969.693 | 38.191.162 |
| **Skuldir** | | | |
| Vaxtaberandi lán | 7 | 6.096.787.543 | 0 |
| Viðskiptaskuldir | | 584.923 | 171.387 |
| Skuld við rekstrarfélag | 8 | 0 | 12.014.401 |
| Skuldir samtals | | 6.097.372.466 | 12.185.788 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 8.338.342.159 | 50.376.950 |

# Sjóðstreymisyfirlit ársins 2024

| | Skýr. | 2024 | Óendurskoðað 2023 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Hagnaður (tap) ársins | 7 | 160.778.531 | ( 11.808.838) |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Gangvirðisbreyting hlutdeildarskírteina | | ( 51.983.822) | 0 |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | | ( 166.216.241) | 0 |
| Veltufé til rekstrar | | ( 57.421.532) | ( 11.808.838) |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum | | | |
| Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun | | ( 11.600.865) | 12.185.788 |
| Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum | | ( 11.600.865) | 12.185.788 |
| Innborgaðar vaxtatekjur | | 166.355.992 | 0 |
| Greidd fjármagnsgjöld | | ( 119.322.146) | 0 |
| Handbært fé frá rekstri | | ( 21.988.551) | 376.950 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | |
| Keypt hlutdeildarskírteini í lausafjársjóðum | | ( 4.630.000.000) | 0 |
| Seld hlutdeildarskírteini í lausafjársjóðum | | 4.545.000.000 | 0 |
| Lánveitingar | 4 | ( 8.057.552.292) | 0 |
| Afborganir lánveitinga | | 56.604.623 | 0 |
| Fjárfestingarhreyfingar | | ( 8.085.947.669) | 0 |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Innborgað hlutafé | 7 | 2.042.000.000 | 50.000.000 |
| Tekin ný langtímalán | 8 | 6.049.590.042 | 0 |
| Fjármögnunarhreyfingar | | 8.091.590.042 | 50.000.000 |
| **(Lækkun) hækkun á handbæru fé** | | ( 16.346.178) | 50.376.950 |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | | 50.376.950 | 0 |
| **Handbært fé í árslok** | | 34.030.772 | 50.376.950 |

# Skýringar

## 1. Félagið

SIV Credit Fund slhf. er samlagshlutafélag með starfsemi og aðsetur að Ármúla 3, Reykjavík. Félagið er rekið sem sérhæfður sjóður í samræmi við lög um rekstraraðila sérhæfða sjóða. Ábyrgðaraðili sjóðsins er SCF GP ehf. og sér SIV eignastýring hf. um rekstur þess. Félagið er ekki sjálfstæður skattaðili.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### a. *Grundvöllur reikningsskilanna*

Ársreikningur sérhæfða sjóðsins SIV Credit Fund slhf. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og lög um sérhæfða sjóði. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum að því undanskildu að eignarhlutir og skuldabréf sem skráð eru á markaði eru færð á markaðsverði. Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum.

SIV Credit Fund slhf. er ekki markaðssettur til almennra fjárfesta.

### b. *Vaxtatekjur og vaxtagjöld*

Vaxtatekjur reiknast af bankainnistæður, útlánum og öðrum fjáreignum sem bera fasta eða breytilega vexti. Vaxtagjöld reiknast af vaxtberandi lánum og öðrum skuldum. Tekjur og gjöld sem jafna má til vaxta, svo sem lántökugjöld, eru færð með vaxtatekjum og gjöldum.

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstarreikninginn eftir því sem þau falla til miðað við virka vexti. Meðal vaxtatekna og vaxtagjalda eru dreifing á afföllum og yfirverði og annar mismunur sem er á upphaflegu bókfærðu verði fjármálagernings og fjárhæð á gjalddaga miðað við virka vexti.

Virkir vextir er sú ávöxtunarkrafa sem notuð er við núvirðingu áætlaðs sjóðstreymis yfir áætlaðan tíma fjármálagernings eða styttra tímabil, eftir því sem við á, þannig að það jafngildi bókfærðri fjárhæð fjáreignarinnar eða fjárskuldarinnar í efnahagsreikningi. Þegar virkir vextir eru reiknaðir áætlar sjóðurinn sjóðstreymi með tilliti til allra samningsþátta fjármálagerningsins en tekur ekki tillit til útlánataps í framtíðinni.

### c. *Virðisrýrnun útlána og krafna*

Virðisrýrnun er færð þegar bókfært verð eignar eða fjárskapandi einingar verður hærra en endurheimtanleg fjárhæð hennar. Virðisrýrnun er þá færð í rekstrarreikning.

Tvær aðferðir eru notaðar til að reikna virðisrýrnun, annars vegar á einstökum lánum og kröfum og hins vegar tap á ákveðnum lánasöfnum. Áætlað tap vegna síðari atburða án tillit til líkinda þeirra, er ekki færð.

Hlutlægar vísbendingar um virðisrýrnun felast í upplýsingum um eftirfarandi atvik eða aðstæður:
(i) umtalsverðir fjárhagsörðuleikar lántakanda;
(ii) samningsrof, svo sem vanskil á afborgunum eða vöxtum eða greiðslum af höfuðstól;
(iii) sjóðurinn veitir lántakanda af viðskiptalegum eða lagalegum ástæðum, sem tengjast fjárhagsvandræðum lántakanda, ívilnum í formi endurfjármögnunar sem annars myndi ekki koma til greina af hálfu lánveitanda;
(iv) það er orðið líklegt að lántakandi verði gjaldþrota eða undirgangast annars konar fjárhagslega endurskipurlagningu;
(v) greinileg gögn sem benda til mælanlegrar lækkunar á áætluðu framtíðarsjóðstreymi frá lánaflokki frá upphaflegri færslu eignanna, þótt minnkunin verði enn ekki greind á einstakar fjáreignir í flokknum þar á meðal:
- óhagstæðar breytingar á greiðslustöðu lántakenda í flokknum, eða

# Skýringar, frh.:

**2. Reikningsskilaaðferðir, frh.:**

Virðisrýrnun á einstökum lánum og kröfum er ákvörðuð með mati á áhættu í hverju tilfelli fyrir sig. Sjóðurinn metur á hverjum reikningsskiladegi hvort fyrir liggi vísbendingar um virðisrýrnun einstakra lána. Þessu verklagi er beitt við öll lán sem teljast mikilvæg. Við matið er tekið tillit til eftirfarandi þátta:

- heildaráhætta sjóðsins gagnvart viðskiptavininum;
- fjárhæð og tímasetning væntanlegra inngreiðslna
- líklegur ágóði til sjóðsins við búskipti eða gjaldþrot
- hversu flóki ðer að ákvaðra heildarfjárhæðir og mat á öllum kröfum á lántaka og hversu mikil lagaleg og tryggingaleg óvissa er fyrir hendi;
- söluverðmæti tryggingar ( eða annarra lækkunarþátta) og líkindum á endurgreiðslu, og
- líklegur frádráttur kostnaðar við innheimtu útistandandi fjárhæða.

Virðisrýrnun er reiknuð með því að bera saman bókfært verð útlána og krafna við vænt framtíðarsjóðstreymi eða núvirði þeirra trygginga sem sjóðurinn hefur fyrir lánunum. Virðisrýrnun útlána og krafna er færð í afskriftarreikning sem kemur til lækkunar á bókfærðu verði þeirra.

**d. *Lánveitingar***

Lánveitingar eru fjármálagerningar, aðrir en afleiðusamningar, sem bera fastar og útreiknanlegar greiðslur og eru ekki skráðir á virkum markaði. Útlán og kröfur fela í sér útlán sem sjóðurinn veitir viðskiptavinum sínum, útlán sem sjóðurinn tekur þátt í að veita ásamt öðrum aðilum.

Lánveitingar eru upphaflega færð á gangvirði, sem er lánsfjárhæðin auk alls kostnaðar við viðskiptanna. Útlán eru síðan megin á afskrifuðu kostnaðarverði, sem er fundið með útreikningi samkvæmt aðferð um virka vexti. Áfallnir vextir eru færðir sem hluti af bókfræðu verði lánveitinga.

**e. *Fjárfestingar í lausafjársjóðum***

Gangvirði lausafjársjóða sem skráð eru á virkum markaði er sama og skráð verð þeirra. Fjáreign telst vera skráð á virkum markaði ef opinbert verð er fáanlegt frá kauphöll eða öðrum óháðum aðila og verðið endurspeglar raunveruleg og regluleg markaðsviðskipti á milli ótengdra aðila.

**3. Umsýsluþóknun**

Sjóðurinn greiðir rekstraraðila sínum, SIV eignastýringu hf., ársfjórðungslega umsýsluþóknun fyrir að annast daglegan rekstur sjóðsins. Á fyrstu þremur árum frá stofnun félagsins eða þar til félagið hefur kallað inn áskriftarloforð vegna hlutabréfa og skuldabréfa að fullu (eftir því hvort tímamarkið kemur upp fyrr) greiðir félagið fasta árlega umsýsluþóknun til SIV eignastýringar hf. sem nemur 0,5% af upphaflegum heildarfjárfestingaloforðum. Að þremur árum liðnum eða þegar upphafleg fjárfestingarloforð hafa verið greidd að fullu miðast föst 0,5% árleg þóknun við mat á heildareignum félagsins miðað við síðasta ársuppgjör eða árshlutauppgjör.

**4. Lánveitingar**

Lánveitingar greinast þannig eftir útlánsformum:

| | | **Óendurskoðað** |
|---|---|---|
| | **31.12.2024** | **31.12.2023** |
| Verðtryggð skuldabréf | 7.424.016.911 | 0 |
| Óverðtryggð skuldabréf | 743.310.659 | 0 |
| Lánveitingar samtals: | 8.167.327.570 | 0 |

Öll lán voru veitt á árinu 2024 og í voru öll í skilum. Engin virðisrýrnun er færð í árslok 2024.

## 5. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum og innstæðum sem bundnar eru til skemmri tíma en þriggja mánaða.

## 6. Skattamál

Sjóðurinn er ekki sjálfstæður skattaðili en er skattlagt með eigendum sínum og því eru skattar ekki reiknaðir í ársreikningnum. Þá ber endanlegur eigandi ábyrgð á skattgreiðslum félagsins

## 7. Eigið fé

Hlutafé sjóðsins samkvæmt samþykktum þess er 2.092 millj. kr.

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

| | Hlutafé | Lögbundinn varasjóður | Óráðstafað eigið fé | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Innborgað hlutafé | 50.000.000 | 0 | 0 | 50.000.000 |
| Tap ársins | 0 | 0 | ( 11.808.838) | ( 11.808.838) |
| Eigið fé 1.1.2024 | 50.000.000 | 0 | ( 11.808.838) | 38.191.162 |
| Innborgað hlutafé | 2.042.000.000 | 0 | 0 | 2.042.000.000 |
| Hagnaður ársins | 0 | 0 | 160.778.531 | 160.778.531 |
| Framlag í lögb.varasj. | 0 | 16.077.853 | ( 16.077.853) | 0 |
| Eigið fé 31.12.2024 | 2.092.000.000 | 16.077.853 | 132.891.840 | 2.240.969.693 |

## 8. Vaxtaberandi lán

Sjóðurinn gefur út skuldabréf til að fjármagna fjárfestingar sínar. Bréfin eru færð í bókhaldi sjóðsins á uppreiknuðu virði miðað við neysluverðsvísitölu að viðbættum áföllnum og ógreiddum vöxtum.

| | Óendurskoðað | |
|---|---|---|
| | 31.12.2024 | 31.12.2023 |
| SIV 24 1 | 6.096.787.543 | 0 |
| Bókfært verð greinist þannig: | | |
| Eftirstöðvar nafnverðs | 5.790.970.791 | 0 |
| Verðbætur | 262.987.697 | 0 |
| Áfallnir og ógreiddir vextir | 42.829.055 | 0 |
| Samtals | 6.096.787.543 | 0 |

| Afborganir að nafnverði útgefins skuldabréfs greinast þannig: | 31.12.2024 |
|---|---|
| Til greiðslu 2025 | 196.666.667 |
| Til greiðslu 2026 | 196.666.667 |
| Til greiðslu 2027 | 196.666.667 |
| Til greiðslu 2028 | 196.666.667 |
| Til greiðslu 2029 | 196.666.667 |
| Til greiðslu síðar | 4.807.637.456 |
| Samtals | 5.790.970.791 |

## 8. Tengdir aðilar

### Skilgreining tengdra aðila

Hluthafar með 20% eignarhlut eða meira, dótturfélög, hlutdeildarfélög, stjórnarmenn, stjórnendur, rekstraraðili sjóðs, móðurfélag rekstraraðila og félög er lúta stjórn sjóðsins, auk félaga í meirihlutaeigu þessara aðila, teljast vera tengdir aðilar sjóðsins. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

| Viðskipti við tengda aðila | Óendurskoðað | |
|---|---|---|
| | 31.12.2024 | 31.12.2023 |
| *Í efnahagsreikningi eru eftirfarandi stöður við tengda aðila:* | | |
| SIV eignastýring hf. | 0 | 12.014.401 |
| | 0 | 12.014.401 |
| *Í rekstrarreikningi eru eftirtalin viðskipti við tengda aðila:* | | |
| Þóknun til SIV eignastýringar hf. | 52.300.000 | 10.460.000 |